



RÁÐGJÖF UM GETNAÐARVARNIR - LYFJAÁVÍSANIR

Á vegum Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands verður haustið 2021 boðið upp á námskeið til að undirbúa hjúkrunarfræðinga í að veita ráðgjöf um getnaðarvarnir og ávísar hormónagetnaðarvörnum. Það er ætlað hjúkrunarfræðingum sem lokið hafa eða stunda meistaranám í heilsugæslu.

Námskeiðið heitir **HJÚ157F Ráðgjöf um getnaðarvarnir - lyfjaávisanir** og er 6 ECTS-einingar og er bæði fræðilegt og klínískt. Fræðilegi hlutinn er kenndur í einni lotu sem byrjar í lok september og lýkur með rafrænu prófi. Lotan hefst mánudaginn 27. september og lýkur föstudaginn 1. október. Nemendur vinna síðan tvö klínísk verkefni og ljúka námskeiðinu í lok haustannar. Lágmarksfjöldi er 15 nemendur og hámarksfjöldi 20 nemendur.

Á námskeiðinu læra nemendur almennt um getnaðarvarnir, sérstaklega um hormónagetnaðarvarnir, og hvernig skuli standa að ráðgjöf um getnaðarvarnir. Námskeiðinu er ætlað að gefa fræðilegan grunn en jafnframt að byggja upp klíníska færni svo nemandi sé fær um að ávísar hormónagetnaðarvörnum, fylgja þeim konum eftir sem fá getnaðarvarnir og takast á við þær aukaverkanir sem upp kunna að koma. Sýnt er hvernig hormónastafur og lykkja er sett upp og fjarlægð og nemendur fá tækifæri til að æfa sig.

Fyrir starfandi hjúkrunarfræðinga þarf að sækja um námið í gegnum Endurmenntun. Umsóknarfrestur verður til og með 13. ágúst. Ekki er tekið við umsóknum eftir þann tíma. Nemendur við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands skrá sig í námskeiðið með hefðbundnum hætti. Nemendur við Háskólann á Akureyri þurfa að sækja um námið sem gestanemar fyrir 15. ágúst. Upplýsingar um gestanáam: https://www.hi.is/nam/gestanam_opinberir_haskolar

Við viljum hvetja hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni til að nýta sér þetta tækifæri sem námskeiðið **Ráðgjöf um getnaðarvarnir - lyfjaávisanir** gefur hjúkrunarfræðingum, sérstaklega í heilsugæslunni.

Umsjónarkennarar eru Sóley S. Bender prófessor og Hildur Sigurðardóttir lektor.

AÐGANGSSTÝRÐIR LYFJASKÁPAR MEÐ INNBYGGÐUM HUGBÚNAÐI

Örugg og rekjanleg meðhöndlun lyfja

- ✓ Öryggi fyrir skjólstæðinga - rétt lyf, réttur skammtur, á réttum tíma
- ✓ Ánægðir starfsmenn - auðveld og örugg meðhöndlun lyfja
- ✓ Aukið hagræði - skilvirkir ferlar og utanumhald